

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda), 540. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni atvinnuveganefndar, dags. 14. febrúar sl., um umsögn um ofangreint mál, á þingskjali 682.

I. Almenn

FA telur frumvarpið að ýmsu leyti koma til móts við ábendingar og tillögur félagsins til stjórnvalda vegna eftirlitsgjalda á undanförunum árum. Félagið hefur m.a. beint því til ráðuneytanna að þau taki gjaldtökuheimildir stofnana, sem heyra undir þeirra svið, til skoðunar með hliðsjón af sjónarmiðum um skýrleika og að ævinlega sé skýrt á hvaða kostnaðarliðum gjaldskrár séu byggðar, en gjaldtökuheimildir laga eru iðulega óskýrar eða ekki fyrir hendi. Að þessu leyti er frumvarpið til bóta og mættu fleiri ráðuneyti taka sér þessa vinnu matvælaráðuneytisins til fyrirmyndar, en yfirleitt hefur orðið fátt um svör við erindum FA vegna eftirlitsgjalda.

II. Skylda til sundurliðunar kostnaðar og skýringa á hækkunum

Í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er kveðið á um að Matvælastofnun skuli afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár stofnunarinnar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Að mati FA er ástæða til að bæta þarna um betur. Með lagabreytingunni liggur skýrt fyrir hvaða kostnaðarliðir skuli liggja að baki gjaldskrár vegna eftirlitsgjalda. Það er þá sjálfsgöð krafa að birt sé sundurliðun kostnaðar samhliða setningu reglugerða eða gjaldskráa sem mæla fyrir um fjárhæðir eftirlitsgjalda.

Eftirlitsskyld fyrirtæki hafa mikla hagsmuni af því að fjárhæðir eftirlitsgjalda séu hóflegar og þá sérstaklega vegna hækkunar á reglubundnum kostnaði. Eðlilegast væri að eftirlitsstofnanir gæfu að fyrra bragði skýringar á ástæðum hækkunar eftirlitsgjalda. FA leggur til að bætt verði í viðkomandi greinar frumvarpsins ákvæði um að samhliða tillögu um hækkun gjalda í nýrri gjaldskrá sé gefið út yfirlit um tekjur og gjöld næstliðins rekstrarárs ásamt áætlun um þær breytingar sem hin nýja gjaldskrá hefur á tekjur og gjöld yfirstandandi eða komandi rekstrarárs. FA leggur jafnframt til að ekki verði heimilt að innheimta eftirlitsgjöld af fyrirtækjum nema birtar hafi verið opinberlega upplýsingar um hvernig þau eru sundurliðuð og reiknuð.

III. Kostnaður opinberra rannsóknastofa

Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að eftirlitsgjöld skuli m.a. taka mið af kostnaði vegna sýnatöku opinberra eftirlitsaðila og *kostnaði sem opinberar rannsóknastofur innheimta vegna sýnatöku, greiningar, prófunar og sjúkdómsgreininga sem framkvæmdar eru á opinberum rannsóknastofum.*

FA teldi eðlilegast að kostnaður vegna rannsóknar sýna og fleiri liða sem nefndir eru í þessu ákvæði væri hluti af gjaldskrá MAST. Það er þó ekki alltaf raunin í dag; eftirlitsþegar fá iðulega sendan reikning beint frá viðkomandi rannsóknastofu þótt kostnaðurinn sé augljóslega hluti af gjaldtöku fyrir opinbert eftirlit. Þar liggja engar upplýsingar um raunkostnað að baki og gjaldskrá er oft og iðulega ekki birt opinberlega.

Raunhæft dæmi: Ógegnæ gjaldtaka fyrir opinbert eftirlit samkvæmt óopinberri gjaldskrá

Tökum raunhæft dæmi: Margir félagsmenn FA sæta árlega eftirliti samkvæmt sýnatökuáætlun MAST vegna rannsókna á varnarefnaleifum í matvælum. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna taka sýnin og rukka fyrir þá þjónustu skv. opinberri gjaldskrá en ríkisfyrirtækið Matís, sem er tilnefnt opinber rannsóknastofa í fjölda flokka samkvæmt vef MAST, framkvæmir rannsóknirnar samkvæmt samningi við matvælaráðuneytið. Kostnaður vegna rannsókna á hverju sýni er kominn talsvert á annað hundrað þúsund króna. Í tilviki einstakra fyrirtækja getur kostnaðurinn hlaupið á milljónum. FA hefur í samskiptum sínum við matvælaráðuneytið sýnt fram á að gjaldtaka Matís fyrir sýnatökur er margfalt hærri en hjá sambærilegum rannsóknastofum í nágrannalöndunum og hefur tekið miklum hækkunum á undanförunum árum. Engin svör hafa hins vegar fengizt um greiningu þess kostnaðar, sem að baki liggur hjá fyrirtækinu, eða rökstuðning fyrir hækkunum.


Gjaldskrá Matís er ekki aðgengileg á vef fyrirtækisins. Gjaldtaka fyrir sýnatökur sem eru hluti af opinberu eftirliti er að sjálfsögðu hluti af opinberum eftirlitsgjöldum og ber að birta gjaldskrá fyrir hana opinberlega þannig að hún sé eftirlitsþegum aðgengileg, að öðrum kosti leikur vafi á lögmæti gjaldtökunnar. FA hefur sent Matís ítrekaðar ábendingar vegna þessa skorts á birtingu gjaldskrár en fyrirtækið ekki brugðizt við. Gefnar hafa verið skýringar á borð við þær að gjaldskráin hafi dottið út við uppfærslu á vefnum, en ekkert bólar á úrbótum.

FA hefur hvatt matvælaráðuneytið til þess að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu þjónustu sem hlýtur tilnefningu sem opinber rannsóknastofa, í því skyni að halda kostnaði fyrirtækja af opinberu eftirliti í lágmarki. Viðbrögðin við þeirri hvatningu hafa í raun engin verið, önnur en að svara því endurtekið að málið sé í skoðun.

Af þessum sökum telur FA gífurlega mikilvægt að þingið búi þannig um hnútana að kostnaður vegna rannsókna á opinberum rannsóknastofum lúti sömu skilyrðum og önnur gjaldtaka MAST; að hún *byggist á raunkostnaði* og gjaldskráin sé *gegnæ, rökstudd og aðgengileg opinberlega*. Félagið leggur til að ákvæðum þessa efnis verði bætt í frumvarpið. Það gengur alls ekki að fyrirtæki sem hafa hlotið tilnefningu sem opinber rannsóknastofa setji upp gjöld sem eru sannarlega hluti af opinberum eftirlitsgjöldum, en lúta ekki sama aðhaldi varðandi raunkostnað og rökstuðning og gjaldtaka opinberra eftirlitsstofnana. Það heitir sjálfataka.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA